



Innviðaráðuneytið  
skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga  
b.t. Sigurborgar K. Stefánsdóttur skrifstofustjóra

Reykjavík, 18. október 2024

**Varðar: Nýjan stofnsamning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.**

Nýr stofnsamningur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) var samþykktur á fundi stjórnar slökkviliðsins í morgun, en hana skipa framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga slökkviliðsins, sem eru Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær. Borgarstjóri Reykjavíkur er formaður stjórnar.

SHS var stofnað árið 2000 og hefur upprunalegur stofnsamningur verið í gildi síðan. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kom nokkrum athugasemdum sínum við samninginn á framfæri við sveitarfélögin haustið 2020 (tilv. ráðun.: SRN I7I200821). Vann hópur lögfræðinga aðildarsveitarfélaganna að því næstu misserin að uppfæra samninginn undir verkstjórn Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Tekið var tillit til athugasemda ráðuneytisins við uppfærslu stofnsamningsins. Seint á síðasta ári voru drög hans send lögfræðingi á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga hjá innviðaráðuneytinu, sem staðfesti að ráðuneytið gerði ekki athugasemdir við form samningsins.

Stofnsamningurinn hefur síðan verið yfirfarinn af stjórn og stjórnendum SHS og ekki tekið formlegum breytingum.

Bókun stjórnar SHS á 266. fundi þann 18. október 2024 var eftirfarandi:

*Stjórn samþykkir stofnsamninginn. Hann verður sendur til staðfestingar í innviðaráðuneytið og svo til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Að því loknu mun stjórn undirrita stofnsamninginn og tekur hann þá gildi.*

Fyrir hönd stjórnar SHS óskar undirritaður eftir staðfestingu ráðuneytisins á meðfylgjandi nýjum stofnsamningi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.  
(rafræn undirritun á næstu síðu)

Meðfylgjandi: Stofnsamningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., drög til staðfestingar.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

# Undirritunarsíða

Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæ...<sup>1)</sup>  
Jón Viðar Matthíasson